

ingu vélarinnar með mati þessu, heldur er um að ræða viðgerð á þeim ágöllum, sem lýst er í matsgjörð og sem ollu því, að vélin var í því slæma ástandi, sem lýst hefur verið. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 23.792,00 auk vaxta í samræmi við kröfugerð stefnanda, en þó þannig, að tildæmd fjárhæð skal bera 34% ársvexti frá 2. september 1981 til stefnubirtingardags, 20. apríl 1982, en 39% ársvexti frá þeim degi til dómsuppsögudags, 22. október 1982, en síðan hæstu lögleyfðu innlánsvexti, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 8.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómendurnir Finnbogi Eyjólfsson og Jan Jansen bifvéla-virkjameistarar.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Ólafur Baldursson, greiði stefnanda, Þorsteini Sigurðssyni, kr. 23.792,00 með 34% ársvöxtum frá 2. september 1981 til 20. apríl 1982, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 22. október 1982 og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---

Föstudaginn 1. febrúar 1985.

Nr. 247/1982. **Nýborg h/f**

(Tómas Gunnarsson hrl.)

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík**

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Áfrýjunarfrestur. Frávísun.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1982. Hann krefst þess, að synjað verði um framgang hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, „að lögtak verði staðfest fyrir kr. 449.005,- með áfallandi dráttarvöxtum frá 30.9. 1983 eins og þá beri að reikna á hverjum tíma samkvæmt reglum 112. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt og 43. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands.“ Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðiljar hafa tjáð sig sérstaklega um formhlið málsins.

Hin áfrýjaða lögtaksgerð fór fram 27. september 1982. Áfrýjunarstefna var gefin út 23. desember s.á., án þess áfrýjunarleyfis væri aflað. Var áfrýjunarfrestur þá liðinn skv. 11. gr. laga nr. 29/1885, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 15.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Nýborg h/f, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.